



Fundur í skólaráði Grunnskóla Borgarfjarðar 2.júní 2025

Mætt:

Fyrir hönd foreldra: Arnaldur Jón Gunnarsson, Jónína Svavarsdóttir, Sigurbjörg Þórunn Marteinsdóttir

Fyrir hönd starfsmanna: Elísabet Halldórsdóttir, Lára Kristín Gísladóttir

Fulltrúar nemenda: Baldur Karl Andrasen og Sesselja Narfadóttir komust ekki

Ingibjörg Adda Konráðsdóttir aðstoðarskólastjóri setti fund og stýrði honum

1. Næsti vetur, mönnun og önnur skipulagsatriði. Farið yfi rmönnun starfsmanna fyrir næsta vetur. Ekki tókst að ráða réttindafólk í allar kennarastöður en búið er að ráða í allar stöður.
Varmaland: 2 umsjónarkennarar og 28 nemendur
Hvanneyri : 2 umsjónarkennarar og 27 nemendur
Kleppjárnsreykir: 9 umsjónarkenarar og 118 nemendur
2. Framkvæmdir á Kleppjárnsreykjum ganga vel og telja verktakar góðar líkur á að takist að ljúka vestasta hluta byggingarinnar og opna í byrjun næsta skólaárs. Einnig er líklegt að verklok á öllu húsinu verði fyrir áramót 2025.
3. Önnur mál: Umræður um skóladagatal næsta árs. Farið yfir hverjir hafa lokið setu í skólaráðinu en það eru Lára Kristín og Elísabet fulltrúar kennara og Jónína Svavarsdóttir fulltrúi foreldra. Arnaldur Jón gaf kost á sér til setu næstu tvö ár í viðbót.
Ingibjörg Adda þakkar fundarmönnum samstarfið í skólaráði á þessu skólaári.
Fleira ekki rætt og fundi slitið.

Fundargerð ritaði Ingibjörg Adda Konráðsdóttir.